

Alþingi
Erindi nr. P 138/892
komudagur 5.1.2010

Nefndasvið Alþingis
Viðskiptanefnd
b/t Selmu Hafliðadóttur
nefndarritari
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík



Reykjavík, 5. janúar 2010.

Efni: Tillaga til þingsályktunar um reglur um skilaskyldu á ferskum matvælum (22. mál).

Viðskiptaráð þakkar nefndinni fyrir það tækifæri að fá að veita umsögn um ofangreinda tillögu þar sem lagt er til að Alþingi álykti um að fela efnahags- og vískauparádhera að móta reglur um skilaskyldu á ferskum matvörum í verslunum.

Viðskiptaráð tekur undir sjónarmið um eðlilegt- og sanngjarnt samkeppnisumhverfi á matvælamarkaði. Mikilvægt er að viðhalda heilbrigðri samkeppni á markaði og þar sé jafnræði á milli innlendra sem erlendra aðila.

Viðskiptaráð styður það álit að skoða skuli betur þessi mál. Eðlilegt er að kannað verði hvort þörf er á reglum á þessu sviði og þá með að leiðarljósi að tryggja heilbrigða samkeppni og jafna stöðu aðila á markaði, bæði framleiðenda og verslunareigenda. Hins vegar, telur Viðskiptaráð eðlilegt að áður en takmarkandi regluverk er sett fram þá sé leitað álits og ráðlegginga hjá tengdum hagsmunaaðilum og samkeppnisyrvöldum.

Viðskiptaráð leggur til að tillagan nái fram að ganga.

Virðingarfyllt,

Þórdís Bjarnadóttir
Lögfræðingur
Viðskiptaráð Íslands